

Í þessum bæklingi eru almennar upplýsingar um einkenni og meðferð á niðurgangi af völdum Norwalkveira. Þrátt fyrir þessar upplýsingar getur ýmsum spurningum enn verið ósvarað og við hvetjum þig til að leita til hjúkrunarfræðinga og lækna ef svo er.

Landspítali - háskólasjúkrahús
Skiptiborð - sólahringsvakt 543 1000
Smitsjúkdómadeild A7 í Fossvogi . . . 543 6770

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
LYFLÆKNINGASVIÐ I
LYFLÆKNINGADEILD A7
ÁGÚST 2006 – 1. ÚTGÁFA

HÖFUNDUR OG ÁBYRGÐARMÁÐUR:
BERGLIND GUÐRÚN CHU, HIÚKRUNARFRÆÐINGUR A7

ÞAGLEG RÁÐGIÖF:
STEFANÍA ARNARDÓTTIR, DEILDARSTJÓRI A7
MÁR KRISTJÁNSSON, YFIRLÆKNIR SMITSJÚKDÓMAEILDAR LSH
SIGRÍÐUR ANTONSDÓTTIR, DEILDARSTJÓRI SÝKINGAVARNAEILDAR LSH

LIÓSMYND OG HÖNNUN: KYNNINGARMÁL LSH/AV



Noroveirusýking (Norwalk)



Hvað er Norwalk/Noroveirusýking?

Þetta eru veirur sem valda bráðum sýkingum í meltingarvegi manna. Veikindi af völdum þessara veira eru algeng í samfélaginu. Einkennin eru oftast mild og ganga í langflestum tilfellum sjálfkrafa yfir. Veiran er mjög smitandi og er algengasta orsök fjöldasýkinga í meltingarvegi.

Smit

Veiran dreifist aðallega með snertingu en getur líka borist með andrúmslofti. Smitefnið berst aðallega með saur og uppköstum en getur einnig borist með mat eða menguðu drykkjarvatni.

Þar sem veiran smitast aðallega við snertingu er handþvottur áhrifaríkasta leiðin til að hindra dreifingu hennar. Einnig er mjög gott að bera spritt á hendurnar eftir þvottinn. Gætið þess að hendur séu orðnar þurrar áður en sprittið er sett á. Nuddið sprittinu vel inn í húðina og leyfið því að þorna.

Einkenni

Einkennin geta varað í 1 - 3 daga.

Algengust eru:

- Vatnspunnur niðurgangur
- Kviðverkir, beinverkir, höfuðverkur
- Ógleði og uppköst
- Hiti
- Vökvaskortur (sem getur lýst sér með þurri húð og slímhúð)

Sýnataka

Á spítalanum er tekið saursýni og það tekur yfirleitt einn sólarhring að fá niðurstöður.

Einangrun

Hvenær?

Einstaklingar með niðurgang fara strax í einangrun þar til orsökinn liggur fyrir. Ef Noroveirusýking er staðfest heldur einangrunin áfram. Einangrunin felur í sér einbýli með sér klósetti.

Hve lengi?

Einangrunin varir að öllu jöfnu þar til einstaklingurinn hefur verið einkennalaus í 2 sólarhringa. Aldraðir og þeir sem eru með veiklað ónæmiskerfi eru undantekning frá þessu þar sem þeir geta borið veiruna í sér lengur.

Hlífðarfatnaður

Allir sem koma inn á stofu til sjúklinga með niðurgang eiga að vera í langerma sloppi og með hanska. Ef sjúklingur er með uppköst þarf að nota grímur (maska). Þetta er gert til að sporna við dreifingu smits.

Ekki er mælt með því að aldraðir, börn eða einstaklingar með veiklað ónæmiskerfi fari inn á stofuna.

Meðferð

Sjúkdómurinn gengur í langflestum tilfellum yfir á 1 - 3 sólarhringum án nokkurrar meðferðar. Í einstaka tilfellum þarf meðferð vegna einkenna, svo sem þurrks, verkja, ógleði og veiklaðrar húðar við endaparm.

Niðurgangur er mjög ertandi fyrir húðina og því þarf að vera vel vakandi fyrir verkjum og sviða við endaparm. Oft er notaður áburður með Zinki til að verja húðina, en hann hrindir frá raka og ver húðina um leið.

Þér er velkomið að hafa samband við deildina ef eitthvað kemur upp á eftir að heim er komið.